

**Nd.**

**527. Nefndarálit**

**[12. mál]**

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leitað um það umsagnar hjá nokkrum aðilum, og eru flestir því meðmæltir, að frv. verði samþykkt.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti, en undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið fór þess á leit við nefndina, að hún flytti brtt. við frv. þetta um breytingu á 70. gr. umferðarlaganna, sem fjallar um hækkun váttryggingafjárhæðar, sem eigendum vélknúins ökutækis er skylt að kaupa hjá váttryggingafélagi.

Nefndin varð sammála um að flytja þessar breytingartillögur, og eru þær prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Matthías Bjarnason,  
form., frsm.

Bragi Sigurjónsson,  
fundaskr.

Pétur Sigurðsson.

Jónas Pétursson.

Steingrímur Pálsson.